



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð 16190 Vogabyggð 2 – Drómundar- og Dugguvogur - Yfirborðsfrágangur

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 13. ágúst 2025 og skiluðu 6 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst innanlands.

Um heildarsamningsfjárhæð er að ræða. Áætluð verklok eru 1. desember 2025.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Lóðaþjónustunnar ehf. að fjárhæð 74.660.750 kr. með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Ámundi V. Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Fundargerð opnunarfundar